



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Utanríkisráðgjafi
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 14. September 2016

Ágætu þingmenn.

Um fullgildingu Parísar-samkomulagsins

Í [greiningu](#) hugveitunnar Climate Analytics, segir að 9. september sl. hafi 27 ríki lokið við lögleiðingu á Parísarsamkomulaginu og að samanlögð losun þessara ríkja sé 39,10%. Ennfremur, segir að 32 önnur ríki hafi lýst því yfir að þau muni fullgilda samkomulagið innan tíðar. Ekki er því ólíklegt að Parísar-samkomulagið verði orðið að alþjóðalögum fyrir lok árs en til þess þarf 55 ríki sem samanlagt losa að lágmarki 55% af heimslosuninni.

Ísland var ekki talið með í greiningu Climate Analytics. Nýjustu fréttir eru að Sri Lanka hafi fullgilt og [the Guardian](#) greinir frá því að Brasíla hafi einnig bæst í hópinn. Brasíla losar um 2,5% af heimslosun gróðurhúsalofttegunda.

Hinn 21. september [býður](#) aðalritari Sameinuðu þjóðanna til fundar í New York með það að markmiði að hraða ákvörðunartöku ríkja um París-samninginn.

Í aðalritara Sameinuðu þjóðanna segir m.a.:

Early entry into force seen as critical for boosting climate action

United Nations Secretary-General Ban Ki-moon has invited leaders from all countries to attend a special event on 21 September to deposit their instruments of ratification, acceptance, approval or accession to the Paris Agreement on climate change. The event will also provide an opportunity to other countries to publicly

commit to joining or ratifying the agreement before the end of 2016.

Fyrir Alþingi liggur nú [þingsályktunartillaða](#) um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Parísarsamning Sameinuðu þjóðanna sem gerður var í París 12. desember 2015.


Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar mikilvægt að ríkisstjórnin fái þetta umboð fyrir 21. september og að Ísland verði eitt af þeim 55 ríkjum sem fyrst verða til að lögfesta Parísar-samkomulagið. Einn fimmtugasti og fimmti gerir 1,8 prósent. Það er fáttítt að Ísland vegi svo þungt á alþjóðavettvangi og því afar mikils virði að Ísland verði eitt þeirra ríkja sem hafa sína pappíra á hreinu 21. september þegar Ban Ki-moon tekur á móti gestum.

Það er von Náttúruverndarsamtaka Íslands að Alþingi hraði afgreiðslu þessa máls eins og unnt er.

Virðingarfyllst,

Árni Finnsson.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Árni Finnsson', written in a cursive style.

Árni Finnsson.